



Iðnaðarnefnd
Austurstræti 10-12
150 Reykjavík

Umsögn vegna byggðaáætlunar 2006-2009

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sendi frá sér ítarlega umsögn um uppkast að tillögu til stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2006-2009 í október sl. til Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins. Til að iðnaðarnefnd geti kynnt sér efni hennar er hún því send að hér með. Einnig er vakin athygli á því að ráðuneytið tók að hluta undir tillögur og ábendingar Fjórðungssambandsins og er það vel. Fjórðungssambandið er einnig beinn þátttakandi í Vaxtarsamningi Vestfjarða ásamt Iðnarráðuneyti og 13 öðrum aðilum og leggur áherslu mikilvægi samspils samningsins með framkvæmd Byggðaáætlunar 2006-2009.

Stjórn Fjórðungssambandsins telur þó rétt að endurtaka umfjöllun um einstaka aðgerðir og mikilvægi þess að aðgerðir Byggðaáætlunar fléttist saman við aðrar áætlanir stjórnvalda. Horft til Norðurlanda er oft rætt um "litla" og "stóra" Byggðaáætlun. Flest atriði sem sett voru fram í Byggðaáætlun 2002-2005 má segja að hafi fallið undir "litlu" byggðaáætlun, en í tillögu að Byggðaáætlun 2006-2009 er nú tekin inn atriði sem styrkja grunngerð samfélaganna s.s. samgöngur, fjarskipti og menntun. Telja verður þetta æskilegt skref og þá má sama hátt gera kröfu til þess að aðrar áætlanir og lagasetning stjórnvalda taki þá á sama hátt tillit til markmiða í Byggðaáætlunar hverju sinni. Með framangreindum hætti verður skýrar hvernig fjármunum hins opinbera er varið og gerir gegnsærra hver sé aðgangur og aðstaða landsmanna að þjónustu og fjármunum hverju sinni. Hér verður einnig að gagnrýna að Byggðaáætlun 2006-2009 líkt og í fyrri byggðaáætlunum, að ekki eru afmarkaðir fjármunir hvorki til áætlunar í heild né í einstakar aðgerðir. Einnig er nauðsynlegt að áætlunin taki til lengri tíma en fjögur ár í senn líkt og aðrar áætlanir stjórnvalda gera nú þegar. Það má þó til sannsvegar að færa að sjá má samfellu í aðgerðum á milli áætlana 2002-2005 og 2006-2009 og líta má það sem ígildi langtímaáætlunar, en þá er rétt að tilgreina það sem slíkt. Önnur jákvæð breyting, að minnsta kosti er það

Fjórðungssamband Vestfirðinga



skilningur stjórnar Fjórðungssambandsins, að nú koma markmið og aðgerðir Byggðaáætlunar til umfjöllunar Alþingis en eru ekki í fylgiskjali með yfirmarkmiðum líkt og síðustu áætlun.

Um einstaka markmið og einstaka aðgerðir

Styrking landshlutakjarna

Styrking landshlutakjarna er mikilvægasta atriðið í að styrkja búsetuhætti á landsbyggðinni. Efling landshlutakjarna skapar möguleika að efla og auka fjölbreytni atvinnulífs, menningar, rannsókna og menntunar á háskólastigi. En þetta eru þær forsendur sem ungt fólk setur í fyrirrúm við val á búsetu. Í Byggðaáætlun eru tilgreind verkefni á framangreindum sviðum og mikilvægt er að meginþungi þeirra sé í landshlutakjörnum, en ekki dreift á mörg svæði í einu.

Að þessu sögðu er það önnur meginforsenda að á áhrifasvæði landshlutakjarna séu heilsárssamgöngur, þannig að samgöngur milli kjarnasvæðis og jaðarsvæða séu til jafns við atvinnulíf og íbúa annarra hluta landsins. Þessi forsenda er því miður ekki til staðar í dag fyrir Ísafjörð sem landshlutakjarna á Vestfjörðum. Til þess að, það markmið náist verður að flétta betur saman tímasetningu verkefna í Byggðaáætlun, Samgönguáætlun og Fjarskiptaáætlun og efling sveitarstjórnarstigsins með tilflutning verkefna.

Í áætlunum um samgöngum og fjarskiptum hefur verið tilgreint fjármagn auk fjármagns af sölu Símans og er því treyst að þeim sé fylgt eftir. Ef litið er til einstaka samgönguverkefna, þá hefur fjármagn verið sett til að ljúka tengingu Reykhóla, Stranda og norðanverða Vestfjarða fyrir árið 2009. Einnig hefur fjármagn verið sett til verkefna í Reykhólahreppi á Þjóðveg 60, sem tryggja á uppbyggingar láglandisveggar frá Kollafirði til Þorskafjarðar. Á sama tíma þarf að tryggja að þjónusta á þessum stofnvegum sé sambærileg og á öðru stofnvegakerfi landsins. En tilhneiging hefur verið að horfa til umferðarþunga í ákvörðunum um þjónustu.



Á sama hátt þarf að tímasetja framkvæmdir í samgöngumálum á gildistíma Byggðaáætlunar 2006 – 2009, til að koma á heilsársamgöngum milli Vestur Barðastrandasýslu og Ísafjarðarsýslu. Í dag eru engar samgöngur á sjó, flug milli staða tekur um 6 tíma, með flugi í gegnum Reykjavíkflugvöll og stysta landleið milli Ísafjarðar og Patreksfjarðar, 175 km, um Hrafnseyrar og Dynjandisheiðar, hefur undanfarna vetur verið lokuð að meðaltali um 120 daga á ári. Á þeim tíma er möguleg landleið um Laxárdalsheiði í Dölum eða 609 km, sem styttist þó um 200 km, með vegi um Arnkötludal.

Þannig ef ætlun er að efla kjarna- og jaðarsvæði á Vestfirðum gildistíma Byggðaáætlunar þarf að setja aukið fjármagn til verkefna í samgöngumálum. Auknar framkvæmdir á þessum tíma myndi einnig geta dregið úr samdrætti í atvinnulífi svæðisins og jafna aðstöðu þess gagnvart öðrum landssvæðum.

Flutningur opinberra starfa og þjónustu

Stjórn Fjórðungssambandsins harnar að ekki sé skilgreint ákveðið verkefni í Byggðaáætlun um flutning opinberra starfa og þjónustu til landsbyggðarinnar. Slíkt verkefni var skilgreint í fyrri byggðaáætlunum og nauðsynlegt að slík áhersla komi fram og hægt sé að fylgja málaflokknum eftir á vettvangi byggðaáætlunar. Aldrei er þetta verkefni of oft nefnt og það undirstrikar einnig þá yfirlýstu stefnu stjórnvalda að flytja opinber störf og þjónustu til landsbyggðarinnar. Rétt er að geta að slíkt hefur sést í verkefnum ráðuneyta á síðustu árum en hraða verður þeim og efla.

Á það hefur verið bent að hlutfall opinberra starfa af íbúafjölda er verulega lægra á landsbyggðinni miðað við höfuðborgarsvæði. Telja verður að áætlun um flutning opinberra starfa og þjónustu skapi mikilvægt mótvægi við samdrátt í hefðbundnum atvinnugreinum. Dæmi um það er viðvarandi atvinnuleysi kvenna sem áður unnu við sjávarútveg eða þjónustugreinum honum tengdum. Því er undirstrikað að stefna í eflingu opinberra starfa verði tilgreint í byggðaáætlun og ekki megi skiljast að stjórnvöld séu að falla frá þessari stefnu sinni.



Styrking atvinnuþróunar (aðgerð nr 8)

Styrking atvinnuþróunar á landsbyggðinni er afar mikilvægur þáttur í byggðaaðgerðum stjórnvalda. Atvinnuþróunarfélögin hafa haft viðtæk verkefni en ekki geta sinnt þeim sem skyldi vegna þröngs fjárhags. Nauðsynlegt er að hækka framlög til atvinnuþróunarfélaganna svo þau geti sinnt hlutverki sínu með sómasamlegum hætti til styrkingar byggða- og atvinnuþróunar í landinu. Einnig þarf að taka tillit til aðstæðna á starfssvæði hvers félags þar sem staða í atvinnu og byggðþróun er mjög mismunandi. Boðað er í Byggðaáætlun mótun og væntanlega aukið samstarf þeirra aðila er koma að atvinnuþróun. Hér er nauðsynlegt að umræða geti fari fram meðal þessara aðila áður ákvarðanir eða breytingar á lögum eru teknar á þessum vettvangi.


Athugun á stöðu byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun (aðgerð nr 7).

Ítrekað er það álit stjórnar Fjórðungssambandsins að nægjanleg greining hafi þegar átt sér stað á stöðu þessara byggðarlaga og með skjótum hætti má uppfæra gögn. Viðvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og fábreytni í atvinnulífi, kallar á aðgerðir og afmörkun fjármagns á áætlunartíma Byggðaáætlunar 2006 til 2009, eftir því kalla íbúar og sveitarstjórnir þessara svæða.

Að öðru leyti vísar stjórn Fjórðungssambandsins til þeirrar umsagnar er hún sendi Iðnaðarráðuneytinu í október sl. sem er hjálögð. Stjórn Fjórðungssambandsins vill einnig lýsa ánægju sinni með það vinnulag sem haft hefur verið í undirbúningi þessarar byggðaáætlunar.

Ísafirði, 10. mars 2006

f.h. stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal. Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga á uppkasti að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga á uppkasti að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.

Í bréfi frá Iðnaðarráðuneytinu dagsettu þann 6. október sl. var Fjórðungssambandi Vestfirðinga gefinn kostur á að gefa umsögn að uppkasti að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009.

Í upphafi umsagnarinnar verður fjallað almennt um byggðaáætlanir, og í framhaldi því verður tæpt á atriðum sem ekki er gert skil í uppkastinu en eru í gildandi áætlun. Loks verður umfjöllum um aðgerðir sem skilgreindar eru í uppkastinu. Umsögninni er ætlað að vekja skýrsluhöfunda til umhugsunar og er hún rituð í þeim tilgangi að vera uppbyggileg gagnrýni.

Uppkast að byggðaáætlun 2006-2009 byggir á grunni gildandi byggðaáætlunar sem eykur von um að langtímastefnumótun sé hluti af byggðastefnu, sem er afar jákvætt. Margt í gildandi byggðaáætlun hefði mátt betur fara, má þar helst nefna að talsverðan tíma tók að koma verkefnum af stað og nokkur þeirra náðu eins langt og væntingar stóðu til en jafnframt virðast ráðuneyti ekki hafa verið samstíga í verkefnavali og forgangsröðun verkefna. Gerð var skýrsla um framvindu byggðaáætlunar en ekki voru tilgreindar aðgerðir til að hraða verkefnum. Vonir standa til að þessir vankantar séu nú leystir þar sem nú sé komin nokkur reynsla af langtímastefnumótun í byggðamálum.

Í uppkasti að nýrri byggðaáætlun virðist enn stefna á nokkur vandkvæði sem einnig voru í fyrri áætlun; má þar nefna að aðgerðir og markmið eru enn of almenn sem gerir það að verkum að erfitt er að meta árangur byggðaáætlunar. Ekki eru viðhöfð nein viðmið um árangursmat né hvernig á að meta árangur, sem veldur því að árangur er aðeins huglægt mat valinna stofnana og sveitarfélaga. Almenn markmið og óljósir mælikvarðar kallar einnig á mismunandi væntingar. Hvað varðar heildarsýn á uppkast að byggðaáætlun þá er markmiðssetningin óljós, sett eru þrjú meginmarkmið og 23 aðgerðir til að ná meginmarkmiðum. Í hverri aðgerð hefði mátt tilgreina hvernig sú aðgerð sem um ræðir, samræmist meginmarkmiðum áætlunarinnar. Jafnframt hefði verið vænlegra að láta framkvæmdaráætlun fylgja með áætlun sem þessari og skilgreina árangursmælikvarða. Skoða þarf jafnvel hvort ekki eigi að taka upp langtímabyggðaáætlun sem gildir í 12 ár líkt og samgönguáætlun með almenn markmið að leiðarljósi og því samhliða séu gerðar minni verkefnaáætlanir með t.d. fjögurra ára gildistíma með vel skilgreind verkefni og markmið.



I. Atriði sem vantar í uppkast að nýrri byggðaaáætlun.

a) Flutningur opinberra og starfa og verkefna

Í uppkasti að nýrri byggðaaáætlun er hvergi að finna neina áætlun sem snýr að flutningi opinberra starfa og verkefna, og er það afar bagalegt að mati stjórnar Fjórðungssambandsins.

Í skýrslu iðnaðarráðherra um framvindu byggðaaætlunar fyrir árin 2002-2005 sem lögð var fram á 131. löggjafarþingi segir um eflingu opinberra starfa og þjónustu á landsbyggðinni:

Forsætisráðherra fór þess á leit í janúar 2003, að Halldór Blöndal, forseti Alþingis, og Magnús Stefánsson þingmaður, yrðu með sér í ráðum um framkvæmd þessarar aðgerðar byggðaaætlunar og færu yfir með ráðherrum hvaða verkefni og störf hefðu verið færð til landsbyggðarinnar eða áform væru um að færa þangað. Þeir skiluðu skýrslu sinni til forsætisráðuneytisins í nóvember 2003. Í skýrslunni kemur m.a. fram að í viðræðum við ráðherra ríkisstjórnarinnar hafi komið fram vilji til að nýta þau tækifæri sem gæfust til að styrkja opinbera þjónustu á landsbyggðinni með því að flytja þangað verkefni og störf sem bæði eru takmörkuð við staðbundna þjónustu sem og þjónustu við stærri svæði. Skýrsluhöfundar benda á að því séu ýmsar skorður settar hversu hratt og í hve ríkum mæli slíkur flutningur á verkefnum og störfum geti orðið. Í því sambandi vilja þeir að áhersla verði einkum lögð á eftirfarandi:

– Að styrkja þær stofnanir sem fyrir eru á landsbyggðinni, m.a. með því að færa til þeirra verkefni þar á meðal frá öðrum ráðuneytum. Í því sambandi megi m.a. nefna menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir, embætti sýslumanna og skattstofur.

– Að fjölga störfum sem krefjast háskólamenntunar. Beina beri athygli sérstaklega að einum byggðarkjarna í hverjum landsfjórðungi, sem síðar með margfeldisáhrifum getur haft jákvæð áhrif á störf og búsetu í nálægum byggðarlögum. Í því sambandi beri einkum að hyggja að eflingu menntastofnana og sjúkrahúsa. Jafnframt sé mikilvægt að styrkja þá vísa að rannsóknastarfsemi sem byggðir hafa verið á landsbyggðinni með fjölgun verkefna og samstarfi fleiri stofnana.

Forsætisráðherra mun í framhaldi af þessari skýrslu vinna áfram að gerð tillagna að áætlun um eflingu opinberra verkefna og þjónustu á landsbyggðinni. Að því er stefnt að slík tillaga liggi fyrir á næstu mánuðum.

Í ljósi þessarar yfirlýsingar kemur það á óvart að ekkert skuli vera minnst á flutning opinberra starfa og verkefna til landsbyggðarinnar, enda er það yfirlýst stefna stjórnvalda. Eða skýrð nánar áform í þessa vegu og verkefni sem eru í gangi. Að öðrum kosti vekur það upp spurningu, hvort stjórnvöld hafi fallið frá stefnu sinni um flutning opinberra verkefna og starfa til landsbyggðarinnar?

b) Fólk og fyrirtæki

Í framvinduskýrslu iðnaðarráðherra um gildandi byggðaaáætlun var einnig fjallað um athugun sem Hagfræðistofnun framkvæmdi á starfsskilyrðum atvinnuveganna.

Niðurstöður þeirrar athugunar var birt í skýrslunni “Fólk og fyrirtæki: um búsetuskilyrði og starfsskilyrði á landsbyggðinni” sem kom út í mars 2003. Í þeirri skýrslu komu fram afar gagnlegar tillögur til að bæta starfsskilyrði á landsbyggðinni, þar á meðal ein þess efnis að teknar verði upp endurgreiðslur til framleiðslufyrirtækja á landsbyggðinni á hluta flutningskostnaðar. Kannað var að hálfu iðnaðarráðuneytisins að framkvæma þá tillögu en ekki er minnst orði á hana í þessu uppkasti sem hefði átt vel átt heima í byggðaaáætlun stjórnvalda. Spyrja má um gagnsemi slíkra athugna ef ekki á að nýta þá stefnumótandi áætlun sem byggðaaáætlun er ætlað að vera.



c) **Kostnaðaráætlunir**

Í gildandi byggðaaætlun var kostnaður metin þar því var við komið og gera má ráð fyrir að athugað verði hvort kostnaðaráætlunir standist við lok framkvæmdartíma. Í fjárlögum sem lögð voru fram á Alþingi þann 3. október sl. var gert ráð fyrir 327 milljónum í nýja byggðaaætlun, í ljósi þessa þá hefði verið gott sjá sundurliðun á ráðstöfun fjármagnsins og þar sem það er hluti af árangursmati að standast kostnaðaráætlunir. Ljóst er að ekki er hægt að meta nákvæman kostnað við allar aðgerðirnar, þar sem fleiri en eitt ráðuneyti koma að fjármögnun aðgerða, en að það verði gert þegar mögulegt er.

II. Meginmarkmið nýrrar byggðaráætlunar eru þrjú talsins:

- Að landshlutakjarnar verði eflidir, en jafnframt hugsað sérstaklega að þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun.
- Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.
- Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Í ljósi þessara meginmarkmiða má gera ráð fyrir að þær 23 aðgerðir sem skilgreindar eru, eigi að styðja við þessi markmið.

III. Áherslur

Nýja áætlunin byggir á stöðum fyrri áætlunar en lögð verður sérstök áhersla á fernt:

- Gildi menntunar og menningar.
- Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi.
- Bættar samgöngur og fjarskipti.
- Styrkingu landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands.

A. Gildi menntunar og menningar:

Í kaflanum þar sem fjallað er um gildi menntunar (bls. 5 og 6) og þar sem greint er frá því að lögð sé sérstök áhersla á fjarnám til þess að flestir geti stundað nám í heimabyggð og nám í heimabyggð stuðli að því að staðbundin þekking og menning varðveitist. Þar mætti bæta inn í eftirfarandi; Ekki er að vænta uppbyggingar þekkingar ef landsbyggð verði eingöngu þiggjendur.

B. Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi:

Í þeim kafla mættu koma fram skýrari hugmyndir um hvernig samstarfi Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri, Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna eigi að vera háttáð til að starf þeirra gæti verið samhæfðara og markvissara. Tillagan gæti falið í sér að settur yrði á fót samstarfshópur sem færi yfir þetta samstarf.

C. Bættar samgöngur og fjarskipti:

Byggðaaætlun horfir til samgönguáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2003-2014 þegar áhersla um bættar samgöngur er lögð fram. Stjórn Fjórðungssambandsins er sammála því að stefna í samgöngumálum sé tekin inn í byggðaaætlun, en rétt hefði tiltaka jarðgangnaáætlun, en hún er nú í endurskoðun. Fram kemur að jarðgöng séu á

Fjórðungssamband Vestfirðinga



fleiri en á einum stað á landinu forsenda sameiningar sveitarfélaga og til styrkingar byggðarkjarna, þess vegna er nauðsynlegt að horft sé einnig til jarðgangnaáætlunar. Hvað varðar fjarskipti, telur Fjórðungssambandið rétt að undirstrika öryggi fjarskipta. Í uppkastinu segir; “Það er því mikilvægt að fyrir landsbyggðina að jafnað verði aðgengi að fjarskiptum og *kostnaði* við gagnaflutninga” vill stjórn Fjórðungssambandið bæta inn eftirfarandi málsgrein; Öryggi fjarskipta og gagnaflutninga skiptir miklu máli fyrir fyrirtæki og einstaklinga á landsbyggðinni og nauðsynlegt er að allir landsmenn sitji við sama borð þegar kemur að öruggum fjarskiptum og gagnaflutningum, svo að samkeppnisstaða fyrirtækja á landbyggðinni skerðist ekki. Aukið öryggi fjarskipta og gagnaflutninga gefur fyrirtækjum á landsbyggðinni aukin tækifæri á að sækja fjarvinnsluverkefni, sem þau eru nú þegar farin að gera.

D. Styrking landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Mið-Austurlands
Fjórðungssambandið tekur fagnar því hver skýrt markmið er hér sett fram til um uppbyggingu þriggja landshlutakjarna, en vill benda á að tengja þarf dreifbýl svæði betur við kjarnanna með bættum samgöngum, annars getur landshlutakjarninn ekki sinnt hlutverki sínu.

IV. Aðgerðir

1. Bættar samgöngur

Í þessari aðgerð leggur Fjórðungssamband Vestfirðinga til, að aðgerðin hljómi á þennan hátt;

- Unnið verður að mikilvægum samgöngubótum á landsbyggðinni samkvæmt samgönguáætlun, lögð verði sérstök áhersla á samgöngur milli byggðakjarna og jaðarbyggða. Hugað verði að þróun almenningsamgangna. Í kaflanum *Annað* er fjallað um markmið um greiðari samgöngur, þar er sagt; “Meira fé er veitt í þennan málaflokk á áætlunartímabilinu, en nokkru sinni áður og þeir áfangar sem stefnt er að munu stórbæta samgöngur á landsbyggðinni, en þar valda jarðgöng sennilega mestum straumhvörfum.” Þetta álit á betur heima í kaflanum meginhugmynd.

2. Efling sveitarstjórnarstigsins

Aðgerð 2 og 8 eru að sumu leyti í mótsögn hvor við aðra. Aðgerð 2 segir að sveitarfélög eigi að taka meiri ábyrgð á sviði atvinnuþróunar og byggðamála, samhliða uppbyggingu stoðkerfis atvinnu- og byggðamála. Af þessu má skilja að átt sé við dreifistýringu í þessum málaflokkum. Í aðgerð 8 segir að stuðningi við atvinnulífið hafi verið dreift á síðustu misserum en samhæfa þurfi stuðning við atvinnuþróun og nýsköpun til að gera starfið markvissara. Í tillögu nefndarinnar um tekju og verkefnaskiptingu voru hugmyndir um miðstöð atvinnuþróunar yrði í gegnum Byggðastofnun, svo spyrja má hvort þessi markmið fari saman. Það virðist sem þessi aðgerð byggi á tillögu fyrrnefndar nefndar um tekju og verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, en rétt er að benda á að tillaga nefndarinnar á ekki við í dag vegna breyttra aðstæðna en í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að settur yrði á fót Fjárfestingarsjóður landsbyggðarinnar sem myndi taka við verkefnum sem áður heyrðu undir Byggðastofnun, Framleiðnisjóð landbúnaðarins, Jarðasjóð ríkisins og Jarðeigna ríkisins. Í sömu tillögu var gert ráð fyrir að stofnuð verði sérstök atvinnuþróunarstofa sem yrði fjárfestingarbanki og atvinnuþróunarmiðstöð fyrir

Fjórðungssamband Vestfirðinga



landið í heild sinni og sinni jafnframt mikilvægu byggðahlutverki. Ef þessi tillaga á að ná fram að ganga þarf að taka ákvörðum um hlutverk og framtíð Byggðastofnunar. Stjórn Fjórðungssambandsins leggur mikla áherslu á að samráð verði haft við atvinnuþróunarfélögin og aðra hagsmunaaðila áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar um skipulag atvinnuþróunar á landsbyggðinni. Leita þarf nýrra leiða til að efla sveitarstjórnarstigið þar sem hugmyndir verkefnisstjórnar um sameiningu sveitarfélaga hlutu ekki hljómgrunn.

Í síðustu setningu þessarar aðgerðar er fjallar um nauðsyn þess að huga að hvernig bregðast eigi við fækkun opinberra starfa samfara hagræðingu sveitarfélaga. Í þessu samhengi vill Fjórðungssamband Vestfirðinga ítreka mikilvægi þess að halda menntuðum störfum á landsbyggðinni og umsýsla fjármagns stofnana verði innan héraða eftir því sem kostur er.

3. Bætt fjarskipti

Í þessari aðgerð þyrfti að undirstrika öryggisþátt fjarskipta og gagnaflutninga, og að samkeppnisstaða fyrirtækja verði jöfn þegar kemur að fjarskiptum. Hin hraða þróun í gagnaflutningum getur á skömmum tíma skekkt verulega stöðu fyrirtækja og áhersla stjórnvalda í þessu máli verður að taka tilliti til þess..

4. Gerð og framkvæmd Vaxtarsamninga

Vaxtarsamningar eru mikilvægir í eflingu svæðisbundinnar byggðar og atvinnulífs. Lögð er áhersla á að staða Vaxtarsamninga sé skýr en það er ekki skýrt nánar. Staðan er sú að margir aðilar vinna að atvinnu- og byggðaþróun og skýra þarf stöðu hvers og eins í því samhengi. Má þar helst nefna atvinnuþróunarfélögin, Byggðastofnun, landshlutasamtök sveitarfélaga, Iðnaðarráðuneyti og byggðaaætlun. Skýra þarf hlutverk þessara aðila og samspil þeirra á milli. Samráðsfundur þessara aðila um skipan og hlutverk í atvinnu- og byggðamálum gæti verið gagnlegur í þessu samhengi.

5. Söfnun og úrvinnsla tölfraðilegra gagna um byggðaðróun

Þessi aðgerð er afar gagnsöm en tryggja þarf samanburð við eldri gögn, svo hægt sé að meta langtímaáhrif aðgerða er snúa að byggðaaðgerðum og við mótun stefnu í byggðamálum. Talning opinberra starfa ætti jafnframt að vera hluti af þessari vinnu.

6. Undirbúningur að gerð landshlutaáætlana

Fjórðungssambandið fagnar þessari aðgerð, enda hefur verið ályktað á Fjórðungshingi um gagnsemi slíkrar áætlunar fyrir Vestfirði. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa samþykkt að gerð verði sameiginleg framtíðarsýn fyrir fjórðunginn og eru Vestfirðirnir þar af leiðandi kjörinn landshluti til að verða þróunarlandshluti í gerð landshlutaáætlana. Í upptalningu landshlutaáætlana sem á að samhæfa er mikilvægt að einnig sé minnst á fjarskiptaáætlun til jafns við samgönguáætlun og byggðaaætlun.

7. Athugun á stöðu smærri sveitarfélaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun

Í þessari aðgerð mætti skilgreina hvaða byggðarlög um ræðir þá með tillit til þátta eins og aldursamsetningu, fólksfækkun, samsetningu atvinnulífs, breytinga á samgöngum og svo framvegis. Í þessu samhengi mætti horfa til SVOT greiningar sem Byggðastofnun gerði árið 2004. Í framhaldi af stöðugreiningu verði sett fram aðgerðarplan um hvernig megi snúa þróuninni við.



Mikil áhersla hefur verið lögð á nýsköpun í byggðarmálum en sú áhersla hentar ekki öllum minni samfélögum og getur verið erfið í framkvæmd. Fjórðungssambandið leggur til að þróaðar verði leiðir til að koma til móts við þessi samfélög miðað við samsetningu þeirra atvinnulífs og byggðar t.d. í gegnum þróunarverkefni.

Til eru fyrirliggjandi gögn stöðu smærri sveitarfélaga að einhverju leyti og hægt er með tiltölulega litlum fyrirvara að greina stöðu smærri sveitarfélaga, í ljósi þess hefði mátt vera meiri áhersla á framkvæmdir en skýrslugerð í þessari aðgerð.

8. Styrking atvinnuþróunar

Það eina sem atvinnuþróunarfélögin eiga sameiginlegt formlega séð er samningur við Byggðastofnun. Eignarhald í félögunum er misjafnt eftir landshlutum og er það svo í sumum landshlutum að landshlutasamtök sveitarfélaga reka atvinnuþróunarfélögin og í öðrum landshlutum er það atvinnuþróunarfélög sem reka landshlutasamtök sveitarfélaganna. Í ljósi þessa er erfið að móta sameiginlegan vettvang atvinnuþróunarfélaga, en nauðsynlegt er að móta leiðir, til þess að atvinnuþróunarfélögin geti átt meira samstarf sín á milli og miðlað þekkingu. Atvinnuráðgjafar eru jafnframt oft á tíðum að glíma við sömu vandamálin og ljóst er að meiri samvinna þeirra á milli er til mikilla hagsbóta fyrir landsbyggðina.

Styrking atvinnuþróunar á landsbyggðinni er afar mikilvægur þáttur í byggðaaðgerðum, en erfið er fyrir atvinnuþróunarfélög að hrinda af stórum verkefnum vegna þröngs fjárhags. Nauðsynlegt er að hækka framlag til atvinnuþróunarstarfsemi svo þau geti sinnt hlutverki sínu með sómasamlegum hætti til styrkingar byggðar í landinu.

Í aðgerðinni þarf að skilgreina betur tilganginn með henni. Skilja má á að það Nýsköpunarmiðstöðin á Akureyri eigi að vera samnefnari fyrir nýsköpun á landsbyggðinni. Nýsköpunarmiðstöðin er ekki í formlegu samstarfi við atvinnuþróunarfélögin líkt og Byggðastofnun, og er nauðsynlegt að umræða fari fram meðal þessara aðila ef breyta samstarfsfyrirkomulagi þeirra.

9. Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar


Efling rannsókna, tækniþróunar og nýsköpunar mætti vera innan fleiri atvinnugreina en tilgreint er í aðgerðinni, t.d. upplýsingatækni. Í aðgerðinni er spjótum beint að sprotum og minni verkefnum á landsbyggðinni en æskilegt hefði verið að sjá stærri rannsóknarverkefni eða hugmyndir í þessari aðgerð.

10. Uppbygging þekkingarsetra/háskólasetra

Varðandi uppbyggingu þekkingarsetra/háskólasetra er fjallað um aukið námsframboð á háskólastigi og er nauðsynlegt að undirstrika mikilvægi staðbundins náms og gagnvirka þekkingarmiðlun.

Í aðgerðinni er gert ráð fyrir að stefnt sé að uppbyggingu þekkingarsetra með nám á háskólastigi á nokkrum stöðum á landinu. Veldur þessi aðgerð miklum áhyggjum meðal stjórnar Fjórðungssambandsins þar aðgerðinni dregur úr líkum á því að Vestfjörðum verði stofnaður fagháskóli. Nauðsynlegt er að þekkingarsetrin hafi svigrúm til þróast í átt til æðri menntastofnanna.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Sem liður í uppbyggingu þekkingarsetra er nauðsynlegt að efla samstarf þeirra á milli. Ársfundur fræðasetra Háskóla Íslands sem haldin var í júní var mikilvægur liður í eflingu samstarfs. Á þeim fundi komu saman einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki af landsbyggðinni saman til að ræða rannsóknatækifæri, svæðisbundnar áherslur og stefnu í þekkingar- og þróunarmálum, niðurstöður þessa fundar geta verið gagnlegar í umræðunni um uppbyggingu þekkingarsetra og sérhæfingu þeirra á milli.

11. Efling dreifmenntunar á öllum skólastigum

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir aukna áherslu á starfsmenntun. Mikilvægt er að horfa til uppbyggingar starfsmenntunar jafnt og háskólamenntunar.

12. Efling símenntunar

Í þessari aðgerð mætti skýra betur framboð á hvaða menntun á að auka og hvers vegna.

13. Efling menningarstarfsemi

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga leggur afar mikla áherslu á að lokið verði við samninga milli Menntamálaráðuneytis og sveitarfélaga hið fyrsta, og gert verði ráð fyrir auknu fjármagni til þessara samninga á fjárlögum svo hægt sé að ljúka samningagerðinni.

Í þessari aðgerð hefði mátt fjalla um eflingu svæðisútvarps og undirstrika það jafnframt að miðlun menningarefnis er í báðar áttir. Almennar fréttir, pistlar um menningarmál o.fl., af landsbyggðinni þurfa tvímælalaust að leika stærri hlutverk í ríkisreknum fjölmiðlum. Þannig að þjóðin finni fjölbreytileikan í viðmiðunum og skoðunum og sé ekki eingöngu miðað við umræðu á höfuðborgarsvæðinu.

14. Hagnýt upplýsingatækni

Hér er um afar gagnlega aðgerð að ræða.

15. Bætt heilbrigðisþjónusta

Tekið er undir þessa tillögu en minnt er að með uppbygging fjarlækningar gefur möguleika á að nýta sérhæft heilbrigðisstarfsfólk um allt land og þannig að þjónustan er ekki einungis á annan veginn. Minnt er á að slíkt krefst einnig öflugs og öruggs háhraðanets.

16. Efling þjónustu við innflytjendur og aukin fjölmennung

Hér þarf að skilgreina betur hlutverk Fjölmennungarseturs, er stofnunin landsmiðstöð í málefnum innflytjenda eða er hún ein af þjónustumiðstöðvunum sem stofna eigi víðsvegar um landið? Eins og segir í hugmynd þessarar aðgerðar þá gegnir Fjölmennungarsetur veigamiklu hlutverki á landsvísu og er stofnunin vel í stakk búin til að verða landsmiðstöð í málaflokknum og miðla af reynslu sinni til þjónustumiðstöðva.

17. Greining sóknarfæra hefðbundinna atvinnugreina – efling opinberrar þjónustu

Hér hefði mátt koma áætlun um fjölgun opinberra starfa og verkefna á landsbyggðinni. Með því að segja, að það sé hugað að hvort efla megi opinbera þjónustu, er afar veik rökfærsla, vænlegra væri að segja, efla á opinbera þjónustu á landsbyggðinni.



Hvaða varðar gerð úttektar á stöðu hefðbundinna atvinnugreina þá er það mat stjórnar Fjórðungssambandsins að til séu skýrslur nú þegar er lýsa stöðu þessara atvinnugreina, nema að hugsanlega vanti greiningu á þolmörkum viðkomandi atvinnugreina. Eins og áður sagði, þá væri framkvæmdaráætlun um eflingu opinberrar þjónustu á landsbyggðinni vænlegri.

18. Uppbygging ferðaþjónustu.

Vinna er þegar hafin við að greina sérkenni og vaxtarbrodda hvers svæðis eins og endurspeglast í stofnun Markaðsskrifstofu Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands, þess vegna er afar mikilvægt að tryggja fjárhagslegan grundvöll þeirra. Hvað varðar það að bæta aðstöðu ferðamanna í þjóðgörðum og tryggja aðgengi þeirra, ætti það frekar heima í áætlunum á vegum Umhverfisstofnunar en ekki í byggðaaætlun.

19. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna

Í þessari aðgerð þarf að huga að þeirri staðreynd að ungar konur er sá hópur sem flyst einna helst frá landsbyggðinni og er það afar neikvæð þróun. Allar aðgerðir sem sporna við þeirri þróun eru af hinu góða. Stuðningur við atvinnurekstur kvenna er kjarninn í jákvæðari samfélagslegri þróun.

20. Styrking menningarframleiðslu (skapandi greinar)

Tengsl aðgerðarinnar við landsbyggðina er ekki skýr, spyrja þarf hvernig eigi að styrkja menningarframleiðslu á landsbyggðinni? Nú þegar, fer fram mikilvæg menningarframleiðsla á landsbyggðinni og finna þarf leiðir til að miðla henni.

21. Efling umhverfisstarfs í sveitarfélögum

Fjórðungssambandið tekur undir mikilvægi áframhaldandi starfs á þessu sviði.

22. Þátttaka í Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP)

Stjórn Fjórðungssambandsins tekur undir að vel hefur tekist til með þátttöku Íslands í Norðurslóðaáætluninni og mörg gagnleg verkefni hafa fengið brautargengi.

23. Efling norrænu Atlantshafsnefndarinnar (NORA)

Stjórn Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að efling norrænu Atlantshafsnefndarinnar sé ekki sérverkefni landsbyggðarinnar og eigi betur heima sem eitt af verkefnum ríkisstjórnarinnar, þar sem starfssvæði NORA er allt Ísland. Ef það er ætlunin setja aukið fé í Norrænu Atlantshafsnefndina er afar mikilvægt að sú ákvörðun íþyngi ekki eða tefji önnur verkefni sem skilgreind eru í byggðaaætlun. En vert er þess að minnast að stjórn Fjórðungssambandsins telur að þátttaka í NORA sé til eflingar byggðar og atvinnuþróunar.



V. Um verkefnisstjórn

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að gerð er tillaga um að stofna til verkefnisstjórnar sem hefur umsjón með framvindu áætlunarinnar. Það er mat sambandsins að það ætti að ætti að vera í verkahring verkefnisstjórnar og hennar fyrsta verkefni, að taka saman yfirlit um fjölda opinberra starfa, setja sér áætlun um fjölgun þeirra á landsbyggðinni. Í annan stað að leggja mat áhrif aðgerða Byggðaaáætlunar auk þess að setja árangursmælikvarða á áætlunina. Skoðað verði hvernig setja megi skýrari tengsl á milli meginmarkmiða og aðgerðanna, það er að segja, það þarf að vera skýrt hvaða markmið hver aðgerð styður við.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur einnig að verkefnisstjórn, Iðnaðarráðuneyti og Byggðastofnun fari yfir feril að undirbúning byggðaaáætlanna og reyni að taka þessi atriði nú til skoðunar við byggðaaáætlun 2006-2009. En í upphafi byggðaaáætlunar mætti vera greinargerð um ástand byggðamála og af hverju nauðsyn sé að sérstakri byggðaaáætlun. Slík greinargerð myndi innhalda stöðulýsingu og framtíðarsýn, og aðgerðir í þá átt að stuðla að framtíðarsýnni. Viðmið yrðu sett um það hve mörg störf á að fjölga á landsbyggðinni, sýn stjórnvalda á fjölda fbúa á landsbyggðinni þegar framkvæmdartíma byggðaaáætlunar lýkur. Fram þyrfti að koma með skýrari hætti hvaða landssvæði eru í þörf fyrir sérstakar byggðaaðgerðir og hvers vegna og í framhaldi af því hvaða aðgerða á að grípa til að laga stöðuna. Landshlutarnir eru afar ólíkir og eru vandamál þeirra að mörgu leyti af ólíkum toga, þrátt fyrir að Vaxtarsamningar séu til þess ætlaðir að taka á vandamálum hvers svæðis þá endurspeglast það ekki nægilega í byggðaaáætluninni.

VI. Að lokum

Fjórðungssamband Vestfirðinga væntir þess að álit þess verði tekið til gagngerðar skoðunar og að það nýtist við endanlega gerð Byggðaaáætlunar 2006-2009. Að lokum þakkar Fjórðungssamband Vestfirðinga iðnaðarráðuneyti það tækifæri að koma að þessu verkefni og mikilvægi þess að stjórnvöld og sveitarfélög geti átt gott samstarf á þessu sviði sem öðrum.

Ísafirði 28. október 2005

Fjórðungssamband Vestfjarða